

Nr. 22.
2.
oktbr.

Lög

um

skipun dýralækna á Íslandi.

Vjer Christian hinn Niundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvik, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallizt á þlög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Á Íslandi skal skipa 2 dýralækna, annan í Suður- og Vesturamtinu og hinn í Norður- og Austuramtinu. Landshöfðingi skipar þá og ákveður um bústað þeirra, er hann hefur fengið tillögur um það frá hlutaðeigandi amtsráði.

2. gr.

Hverjum dýralækni skal veita 1200 kr. í árleg laun, er skulu greidd úr landssjóði.

3. gr.

Fyrir ferðir þær, er dýralæknir tekst á hendur eptir ráðstöfun yfirvaldsins, bera honum í fæðispeninga 3 kr. um dag hvern, sem hann er fjærverandi frá heimili sínu, og að því skapi fyrir part úr degi. Ferðakostnaður skal honum endurgoldinn eptir því, sem fyrir er mælt í aukatekjureglugjörð 10. sept. 1830, 16 gr. Gjöld þessi skulu greiðast úr jafnaðarsjóði amtsins.

4. gr.

Fyrir ferðir, er dýralæknir tekst á hendur eptir ósk einstakra manna, skal sá, er þeirra hefur beiðzt, borga hina sömu fæðispeninga og goldnir eru fyrir ferðir í þarfir hins opinbera; þar að auki skal sá, sem hefur beiðzt ferðarinnar, leggja dýralækni til farar-beina kauplaust, eða endurgjalda honum ferðakostnað eptir því, sem fyrir er sagt í aukatekjureglugjörð 10. september 1830, 16. gr.

5. gr.

Dýralæknum ber í erindisgjörðum sínum að hegða sjer eptir erindisbrjefi, er landshöfðingi sennur handa þeim, eptir að hann um það hefur leitað álits amtsráðanna.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalúborg, 2. oktbr 1891.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

J. Nellemann.

Lov

om

Ansættelse af Dyrlæger i Island.Nr. 22.
2den
Oktbr.

Vi Christian den Niende, af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenburg,

Gjøre vitterligt: Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Der ansættes 2 Dyrlæger i Island, en for Sønder- og Bestamtet, og en for Nord- og Østamtet. Dyrlægerne ansættes af Landshøvdingen, der tillige bestemmer, hvor de skulle være bosatte, efter derom at have modtaget Forslag fra vedkommende Amtsraad.

§ 2.

Dyrlægerens Lønning fastsættes til 1200 Kr. aarlig for hver og udredes af Landskassen.

§ 3.

For de Rejser, Dyrlægen foretager efter Øvrighedens Foranstaltning, tilkommer der ham 3 Kr. i Diæter for hver Dag, han er fraværende fra sit Hjem, og forholdsvis for Dele af en Dag. Desuden tilkommer der ham Godtgørelse for Rejseomkostninger efter de i Sportelreglement af 10de September 1830 § 16 foreskrevne Regler. Disse Udgifter udredes af vedkommende Amtsrepartitionsfond.

§ 4.

For de Rejser, Dyrlægen foretager efter privates Begæring, tilkommer der ham hos Rekvirenten de samme Diæter som for Rejser i det offentlige Tjeneste, hvorhos Rekvirenten har at yde Dyrlægen fri Befordring eller Godtgørelse for hans Rejsseudgifter efter de i Sportelreglement af 10de September 1830 § 16 foreskrevne Regler.

§ 5.

Dyrlægerne have med Hensyn til Udførelsen af deres Tjenesteforretninger at forholde sig efter den dem af Landshøvdingen, efter indhentet Erklæring fra Amtsraadene, meddelte Instruks.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

Givet paa Amalienborg, den 2den Oktober 1891.

Under Vort Kongelige Haand og Segl.

Christian R.

(L. S.)

J. Nellemann.